122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. kafli.

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR

1. Þeir sem vátryggðir eru.

1.1 Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

1.2 Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni. Vátryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

2. Vátryggingar sem eru innifaldar í Sumarhúsatryggingunni.

2.1 Vátrygging þessi stendur saman af annars vegar eignatryggingu vegna hússins sjálfs og innbúsmuna, sbr. (samanber) 2. kafla skilmálanna og eftirfarandi yfirlit í 2. mgr. (málsgrein), og hins vegar ábyrgðartryggingu, sbr. 3. kafla skilmálanna. Vátryggingartaki getur valið hvort eignatryggingin gildi einungis fyrir húseignina eða innbúið eða hvoru tveggja, svo og valkvæðar vátryggingartegundir í hvorum hluta. Fram kemur á vátryggingarskírteini hvaða þættir eru innfaldir í sumarhúsatryggingunni.

2.2 Eignatryggingarhluti vátryggingar þessarar hefur að geyma eftirtaldar tegundir vátrygginga:

Vátryggingarsvið		**Húseign**	**Innbú**
I.	Vatnstjónstrygging	x	x
II.	Innbrots- og skemmdarverkatrygging	x	x
III.	Fok- og óveðurstrygging	x	x
IV.	Brots- hruns- og sigtrygging	x	x
V.	Skýfalls- og asahlákutrygging	x	x
VI.	Snjóþungatrygging	x	x
VII.	Sótfallstrygging	x	x
VIII.	Glertrygging	x	
IX.	Hreinlætistækjatrygging	x	
X.	Frostsprungutrygging	x	
XI.	Brunatrygging innbús		x
XII.	Skammhlaupstrygging		x
XIII.	Þjófnaðar- og ránstrygging vegna innbús		x
XIV.	Innbúskaskó		Valkvætt
XV.	Smáhýsi/sólpallur o.fl.	Valkvætt	
XVI.	Heitur pottur	Valkvætt	
XVII.	Viðbótarfjárhæð húseignar	Valkvætt	

3. Hið vátryggða.

3.1 **Húseign**
Vátryggingin nær til húseignar þeirrar eða hluta húseignar, sem nefnd er í vátryggingar– eða endurnýjunarskírteini ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignarinnar. Smáhýsi, sólpalla, skjólveggi, girðingar og hlið sem standa á sumarhúsalóð vátryggingartaka og falla ekki undir brunabótamat vátryggðrar húseignar er unnt að vátryggja sérstaklega skv. (samkvæmt) XV. kafla skilmála.

3.2 **Innbú og vátryggingarstaður**

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Vátryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Vátryggt er innbú og aðrir lausafjármunir á vátryggingarstaðnum, sem eru staðsettir þar að staðaldri. Með innbúi er átt við almennt innbú og persónulega muni sem fylgja að staðaldri sumarhúsum og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Málverk og önnur listaverk eru samanlagt vátryggð að hámarki fyrir 10% af vátryggingarfjárhæð innbúsins. Verkfæri, varahlutir og áhöld sem vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir í sumarhúsi vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

4. Undanþágur og takmarkanir.

4.1 Munir sem vátryggingin bætir ekki:

a. peningar og verðbréf,
b. dýr, vélknúin ökutæki, hjólhýsi, tjaldvagnar, bátar eða loftför, þ.m.t. drónar, né heldur hlutir sem tilheyra nefndum tækjum,
c. snjallsímar og snjallúr,
d. skartgripir og úr.

5. Vátryggingarfjárhæð húseignar og breytingar á henni.

5.1. Vátryggingarfjárhæð miðast við brunabótamat húseignarinnar að því er tekur til eignarhluta vátryggðs eins og það er á hverjum tíma. Semja má sérstaklega um viðbótarfjárhæð umfram brunabótamat vegna hinnar vátryggðu húseignar skv. XVII. kafla skilmála og er hennar þá getið sérstaklega í vátryggingarskírteini.

6. Vátryggingarfjárhæð innbús og undirtrygging.

6.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

6.2 Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti alls innbúsins.

6.3 Ef breytingar, aðrar en á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, verða á verðmæti innbús á vátryggingartímabilinu, er nauðsynlegt að vátryggður tilkynni félaginu það til þess að fullur bótaréttur haldist.

6.4 Ef heildarverðmæti hins vátryggða innbús er hærra en vátryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti innbús er til dæmis tvöfalt hærra en vátryggingarfjárhæðin, hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. (krónur) 1.000.000, verða aðeins kr. 500.000.

6.5 Hafi tjón á innbúi verið bætt, lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka vátryggingartímabilsins. Gegn hlutfallslegu viðbótariðgjaldi má þó hækka vátryggingarfjárhæðina í það sem hún var fyrir tjón.

7. Verðtrygging og vísitala.

7.1 Vátryggingarfjárhæðir er varða vátryggt innbú, sem tilgreindar eru í vátryggingar– eða endurnýjunarskírteini til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

7.2. Vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar húseiganda sem tilgreind er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytist einu sinni á ári við upphaf vátryggingar-tímabils í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu.

8. Eigin áhætta.

8.1 Eigin áhætta vátryggðs vegna hvers tjónsatviks er sú fjárhæð sem nánar er tilgreind í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

9. Almennar takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

9.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:

a. stríð, óeirðir, uppþot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
b. tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
c. eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
d. hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka,
e. kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar eða annars atviks.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

10. Áhættuskoðun.

10.1 Félagið áskilur sér rétt til að áhættuskoða hið vátryggða hvenær sem þörf þykir.

11. Breytt áhætta.

11.1 Iðgjald er miðað við að hin vátryggða húseign sé notuð til dvalar vátryggðs í lengri eða skemmri tíma. Ef hið vátryggða er leigt út í lengri eða skemmri tíma skal slík áhættubreyting tafarlaust tilkynnt félaginu. Láti vátryggður hjá líða að tilkynna þar um, skerðist ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum að tiltölu um mismun á umsömdu iðgjaldi og því iðgjaldi sem félagið hefði með réttu áskilið sér vegna hinnar breyttu notkunar skv. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga.

12. Ráðstafanir til varnar tjóni. Tilkynning um tjón.

12.1 Þegar vátryggingaratburður hefur gerst eða hætta er á að hann beri að höndum, ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta sbr. lög um vátryggingarsamninga.

12.2 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið. Sama gildir ef hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.

12.3 Auk tilkynningar til félagsins skal jafnframt tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.

12.4 Vanræksla á skyldum vátryggðs, skv. 2. til 3. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.

13. Ákvörðun bóta vegna tjóns á innbúi.

13.1 Bætur miðast, að svo miklu leyti sem unnt er, við það að fjárhagsstaða vátryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið.

13.2 Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða greiðast ekki bætur. Minjagildi bætist ekki.

13.3 Þrátt fyrir ákvæði í grein 13.2 og um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna þá gilda neðangreindar afskriftareglur:

Munir sem afskriftaregla tekur til:	**Ár án aldurs-frádráttar**	**Eftir það árlegur frádráttur**
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Sjónvörp	1 ár	20%
Önnur rafmagnstæki, þó ekki tölvur og spjaldtölvur	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

Frádráttur getur hæstur orðið 70%.

13.4 Varðandi tölvur gildir sú sérregla að þær afskrifast um 10% af endurnýjunarverði fyrir hverja sex mánuði sem líða frá kaupdegi til tjónsdags. Tölvur fimm ára eða eldri bætast því ekki. Varðandi spjaldtölvur er fylgja sumarhúsi, ásamt fylgihlutum þeirra gildir sú sérregla að þær afskrifast um 20% af endurnýjunarverði fyrir hverja sex mánuði sem líða frá kaupdegi til tjónsdags. Tæki eldri en 30 mánaða bætast því ekki.

13.5 Bætur vegna tjóns á filmum eða myndböndum takmarkast við verð á nýjum óáteknum filmum eða myndböndum.

13.6 Félagið ákveður hvort tjón sé bætt með greiðslu peninga, með greiðslu kostnaðar vegna fullnægjandi viðgerðar, eða með því að afhenda tjónþola muni samsvarandi þeim sem tjón varð á.

13.7 Tjón á munum sem tilheyra pari eða samstæðu bætast hlutfallslega.

13.8 Ef tjón á mun er bætt sem altjón getur félagið krafist afhendingar á hinum vátryggða mun. Glataðir eða stolnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess.

13.9 Bætur vegna hvers einstaks hlutar innbúsins takmarkast við 10% vátryggingarfjárhæðar innbúsins nema annað sé tekið fram á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

14. Greiðsla iðgjalds.

14.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

14.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. (samkvæmt) 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

14.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

14.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

14.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

14.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

15. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

15.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. (grein) 14.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

15.2 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

16. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi vátryggðs. Samsömun.

16.1. Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra vátryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir ef tjóninu er valdið af maka vátryggðs eða öðrum þeim sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.

17. Vátrygging hjá öðru félagi.

17.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga um vátryggingarsamninga.

18. Greiðsla bóta og vextir.

18.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

19. Endurkröfuréttur.

19.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.

20. Lög um vátryggingarsamninga.

20.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

21. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

21.1 Ágreiningi varðandi vátryggingasamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

21.2 Þrátt fyrir úrræði samkvæmt 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingataka.
21.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. kafli.

EIGNATRYGGINGAR

I. Vatnstjónstrygging.

22. Vátryggingarsvið.

22.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum vatns, olíu eða annars vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess.
22.2 Einnig bætist tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kæliskápum.
22.3 Tjón á húseign vegna leka úr leiðslum í sameign bætist í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í sameigninni.

23. Undanþágur og takmarkanir.

23.1 Vátryggingin bætir ekki:
a. skemmdir af völdum vatns, sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst, þó bætast slíkar skemmdir, ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss,
b. tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra,
c. tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennslisleiðslum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar, sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar.

24. Óupphituð hús, varúðarregla.

24.1 Í óupphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

25.1. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

25.1 Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðast einnig fyrir kostnað við uppbrot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón.
25.2 Bætur greiðast þó aldrei fyrir þann hlut eða hluti, sem tjóninu olli, s.s. sjálf rörin í húsinu (miðstöðvar-, vatns- og frárennslisrör), ofna, tæki eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra vegna bilunar.
25.3 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.
25.4 Um ákvörðun bóta vegna tjóns á vátryggðu innbúi fer samkvæmt 13. gr. skilmála.

II. Innbrots- og skemmdarverkatrygging.

26. Vátryggingarsvið.

26.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
a. þjófnað á innbúi við innbrot í læsta húseign,
b. skemmda á vátryggðu innbúi sem valdið er af ásetningi í kjölfar innbrots,
c. skemmdir á vátryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots.
26.2 Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

27. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

27.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

III. Fok- og óveðurstrygging.

28. Vátryggingarsvið.

28.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því, sem vátryggt er, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 28,5 m/sek. (metrar á sekúndu) samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.

28.2 Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

29. Undanþágur og takmarkanir.

29.1 Vátryggingin bætir ekki:

a. tjón innbúi utanhúss,
b. tjón sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs,
c. tjón af völdum úrkomu nema það sem verður sem bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi,
d. tjón af völdum sandfoks.

30. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

30.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

IV. Brots-, hruns- og sigtrygging.

31. Vátryggingarsvið.

31.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:

a. skemmda sem verða á vátryggðri húseign, ef loftklæðning innanhúss, naglföst innrétting eða hlutar þeirra falla niður vegna skyndilegrar bilunar,
b. skemmda sem verða á innbúi af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega niður og brotna án utanaðkomandi áhrifa,
c. brot á helluborðum í eldhúsinnréttingu vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar, sbr. nánar í 2. mgr.
d. tjóns á vátryggðri húseign af völdum sigs, sbr. nánar í 3. mgr.

31.2 Bótagreiðslur vegna brots á helluborðum, sbr. c. lið 1. mgr., takmarkast við verðmæti helluborðsins sjálfs. Ekki bætast skemmdir á helluborðinu vegna viðhalds eða viðgerða á því sjálfu eða innréttingunni sem helluborðið er inngreipt í. Þá bætist ekki tjón sem verður við að helluborðið rispast eða úr því flísast.

31.3 Skemmdir á vátryggðri húseign af völdum sigs, sbr. d. lið 1. mgr., bætist því aðeins að tjónsorsökin eigi rót sína að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks. Þá er skilyrði bótaskyldu að sumarhúsið teljist óíbúðarhæft af völdum sigs. Hámarksbætur vegna tjóns undir þessum lið nema 20% af vátryggingarfjárhæð sumarhússins.

32. Undanþágur og takmarkanir.

32.1 Vátryggingin bætir ekki:

a. skemmdir á símum, spjaldtölvum, fartölvum, verkfærum, gleraugum, úrum, myndavélum, eða öðrum persónulegum lausafjármunum,
b. skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til né skemmdir sem valdið er með því að toga í þá, fella eða henda þeim niður,
c. skemmdir sem verða utan sumarhússins,
d. skemmdir af völdum vökva sem hellist niður.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

33. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

33.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

V. Skýfalls- og asahlákutrygging.

34. Vátryggingarsvið.

34.1 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða, ef yfirborðsvatn flæðir inn í það, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku).

35. Undanþágur og takmarkanir.

35.1 Vátryggingin bætir ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum eða þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Náttúruhamfaratryggingu Íslands er skylt að bæta.

36. Varúðarregla.

36.1 Vátryggður skal hreinsa frá niðurföllum við hina vátryggðu fasteign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífli þau ekki. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

37. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

37.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

VI. Snjóþungatrygging.

38. Vátryggingarsvið.

38.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign, sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggi hennar. Tjón á vátryggðu innbúi bætist af sömu orsökum.

39. Undanþágur og takmarkanir.

39.1 Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða eða tjón sem er afleiðing byggingargalla.

40. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

40.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

VII. Sótfallstrygging.

41. Vátryggingarsvið.

41.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða sökum bruna annarra fasteigna eða muna, sinubruna eða skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum, sem ætluð eru til að hita upp húsnæði, enda fáist tjónið ekki bætt úr brunatryggingu fasteignarinnar. Gerð eldstæðis skal vera í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.

42. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

42.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

VIII. Glertrygging.

43. Vátryggingarsvið.

43.1 Vátryggingin bætir tjón á venjulegu rúðugleri í vátryggðri húseign, en því aðeins að það brotni eftir að því hefur verið komið fyrir með varanlegum hætti. Vátryggingin gildir ekki á meðan verið er að koma gleri fyrir eða taka það úr.

43.2 Skreytingar og annað, sem eykur verðgildi glers, þarf að vátryggja sérstaklega.

44. Undanþágur og takmarkanir.

44.1 Vátryggingin bætir ekki:

a. tjón af eldsvoða, eldingu eða annarri áhættu, sem lögboðin brunatrygging eða náttúruhamfaratrygging nær til,
b. tjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun eða venjulegu viðhaldi húss,
c. skemmdir vegna vinnu við breytingar nálægt glerinu eða ramma þess,
d. skemmdir, sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. (til dæmis) loftloka eða vinnu við slíkan útbúnað,
e. tjón á gleri af völdum móðu á milli glerja,
f. skemmdir af þenslu, vindingi eða ófullkomnu viðhaldi ramma eða lista.

45. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

45.1 Bætur félagsins miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði í þéttbýli. Miða skal við viðgerðarkostnað eins og hann er, þegar tjón verður.

IX Hreinlætistækjatrygging.

46. Vátryggingarsvið.

46.1 Vátryggingin bætir brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atburðar.

47. Undanþágur og takmarkanir.

47.1 Vátryggingin bætir ekki:

a. fylgihluti s.s. salernissetur og krana, sem unnt er að nota aftur,
b. rispur eða aðrar skemmdir sem ekki teljast brot,
c. kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu.

48. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

48.1 Tjón á hreinlætistækjum bætist með því að félagið greiðir vátryggðum bætur sem samsvara verði þess sem brotnaði.

X. Frostsprungutrygging.

49. Vátryggingarsvið.

49.1 Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á innanhúsvatnsleiðslukerfi hinnar vátryggðu húseignar sem verður við það að hitakerfi hússins bilar skyndilega.

49.2 Tjón af völdum vatns er hins vegar bætt úr vatnstjónstryggingunni.

50. Óupphituð hús, varúðarregla.

50.1 Í óupphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

XI. Brunatrygging innbús.

51. Skilgreiningar.

51.1 Í brunatryggingu innbús hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

a. **eldsvoði**, laus eldur sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa,
b. **elding**, varma- eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar,
c. **sprenging**, efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna,
d. **hrap**, tjón af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari,
e. **skyndilegt sótfall**, skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði sem ætlað er til að hita upp húsnæði enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.

52. Vátryggingarsvið.

52.1 Brunatrygging bætir skemmdir á vátryggðu innbúi af völdum bruna. Vátryggingin tekur ekki til húseignarinnar sjálfrar eða fylgifjár hennar.

52.2 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
a. eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum,
b. hraps loftfars eða hluta frá þeim,
c. slökkvi- og björgunaraðgerða.

53. Undanþágur og takmarkanir.

53.1 Vátryggingin bætir ekki sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárni, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu að eldi eða hita.

XII. Þjófnaðar- og ránstrygging vegna innbús.

54. Vátryggingarsvið.

54.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
a. þjófnaðar á vátryggðu innbúi úr ólæstu sumarhúsi,
b. töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.

55. Undanþágur og takmarkanir.

55.1 Vátryggingin bætir ekki tjón vegna þjófnaðar úr mannlausu sumarhúsi eða sumarhúsi sem vátryggður leigir öðrum.

XIII. Skammhlaupstrygging.

56. Vátryggingarsvið.

56.1 Vátryggingin bætir skemmdir á rafmagnstækjum hins vátryggða innbús vegna skammhlaups í þeim.

57. Undanþágur og takmarkanir.

57.1 Vátryggingin bætir ekki:
a. tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára,
b. tjón sem ábyrgð samkvæmt ábyrgðarskírteini raftækisins nær til,
c. tjón sem rekja má til slits, ónógs viðhalds eða rangrar samsetningar tækis,
d. tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.

VALKVÆÐAR TRYGGINGAR.

XIV. Innbúskaskó.

58. Vátryggingarsvið.

58.1 Víðtæka innbúsvernd er unnt að kaupa til viðbótar við þá vernd sem veitt er í Sumarhúsatryggingu. Slík vernd ber heitið Innbúskaskó.

58.2 Vátryggingin tekur til skemmda á vátryggðu innbúi á vátryggingarstað af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Það er skilyrði fyrir bótum úr vátryggingunni að tjónið sé ekki bótaskylt úr öðrum tryggingum Sumarhúsatryggingar. Þá bætir vátryggingin ekki þann hluta tjóns sem ekki fæst bættur úr Sumarhúsatryggingu sökum þess að bótafjárhæð er þar háð takmörkunum.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

59. Vátryggðir munir.

59.1 Vátryggingin tekur til tjóns sem verður á almennu innbúi og persónulegum lausafjármunum vátryggðs sem fylgja að staðaldri sumarhúsi eins og nánar getur í gr. 3.2. og 4.1.

60. Undanþágur og takmarkanir.

60.1 Vátryggingin bætir ekki tjón:
a. af völdum snöggra hita- og/eða rakabreytinga,
b. af völdum eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds,
c. af völdum galla, útlitsgalla, samsetningargalla eða bilana,
d. af völdum heimilisdýra.

61. Varúðarregla.

61.1 Vátryggður skal fylgja notkunarleiðbeiningum sem gilda um vátryggða muni, ella getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingasamninga.

62. Vátryggingarfjárhæð.

62.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð fyrir Innbúskaskó sem tilgreind er á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Hámarksbætur vegna hvers reiðhjóls eru þó að hámarki kr. 150.000.

XV. Smáhýsi, sólpallur o.fl.

63. Vátryggingarsvið.

63.1 Vátryggingin tekur til smáhýsa, sólpalls, skjólveggja, girðinga og hliða sem standa á sumarhúsalóð vátryggingartaka og falla ekki undir brunabótamat vátryggðrar húseignar, enda séu þessi mannvirki tilgreind á vátryggingarskírteini. Það er skilyrði að flatarmál smáhýsis er að hámarki 15 m².

63.2 Vátryggingin tekur til tjóns af völdum bruna, óveðurs, innbrots og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar bótaskylds tjóns. Einnig tekur vátryggingin til vatnstjóna á smáhýsi, sbr. lið I í þessum kafla. Ákvæði eftirfarandi hluta skilmálanna gilda vegna þessara tjóna eftir því sem við á:

I.	Vatnstjónstrygging
II.	Innbrots- og skemmdarverkatrygging
III.	Fok- og óveðurstrygging
XI.	Brunatrygging innbús

64. Vátryggingarfjárhæð.

64.1 Vátryggingarfjárhæðin, sem er sú hámarksfjárhæð bóta sem félagið greiðir vegna hinna vátryggðu hagsmuna á hverju vátryggingartímabili, er tilgreind á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

64.2 Vátryggingarfjárhæðin breytist einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu.

XVI. Heitur pottur.

65. Vátryggingarsvið.

65.1 Vátryggingin tekur til tjóns af völdum, óveðurs, bruna, þjófnaðar og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar. Að auki bætir vátryggingin tjón vegna frostsprungna. Ákvæði eftirfarandi hluta skilmálanna gilda vegna þessara tjóna eftir því sem við á:

III.	Fok- og óveðurstrygging
XI.	Brunatrygging innbús

65.2 **Þjófnaður**.
Vátryggingin tekur til þjófnaðar og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar. Skilyrði fyrir bótaskyldu er að á tjónsstað séu greinileg vegsummerki að um þjófnað sé að ræða.

65.3 **Frostsprungur**.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á lagnakerfi pottsins sem verður við það að lagnir pottsins frostspringa.

66. Rafmagnspottar, varúðarregla.

66.1 Þegar slökkt er á rafmagnspotti skal vátryggður ganga úr skugga um að vatnslagnir heita pottsins séu tæmdar þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

67. Vátryggingarfjárhæð.

67.1 Vátryggingarfjárhæðin, sem er sú hámarksfjárhæð bóta sem félagið greiðir vegna hinna vátryggðu hagsmuna á hverju vátryggingartímabili, er tilgreind á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

67.2 Vátryggingarfjárhæðin breytist einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu.

XVII. Viðbótarfjárhæð húseignar.

68. Vátryggingarsvið.

68.1 Nái vátryggingin til húseignar sbr. 3. gr. skilmála getur vátryggingartaki valið viðbótarfjárhæð umfram brunabótamat vegna hinnar vátryggðu húseignar og er hennar þá getið sérstaklega á vátryggingarskírteini.

68.2 Úr vátryggingunni greiðast bætur allt að viðbótafjárhæðinni, þegar vátryggingarfjárhæð samkvæmt brunabótamati sbr. 5. gr. dugar ekki til greiðslu fullnaðarbóta vegna bótaskylds atburðar er varðar hina vátryggðu húseign samkvæmt sumarhúsatryggingu þessari.

68.3 Með sama hætti og lýst er í 2. mgr. greiðast bætur úr vátryggingunni allt að viðbótarfjárhæðinni, þegar vátryggingarfjárhæð samkvæmt lögboðinni brunatryggingu hinnar vátryggðu húseignar hrekkur ekki til greiðslu fullnaðarbóta í bótaskyldu tjóni samkvæmt lögboðinni brunatryggingu húseignarinnar. Vátryggingarskilmálar brunatryggingu húseigna nr. 150 gilda um viðbótarbrunatryggingu þessa eftir því sem við á.

68.4 Vátryggingarfjárhæðin breytist einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu.

3. kafli.

ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGANDA.

69. Vátryggingarsvið.

69.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fallið getur samkvæmt íslenskum lögum á vátryggðan sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta, er á skírteini greinir.

69.2 Vátryggingin nær aðeins til tjóns, sem verður vegna húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs í henni eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans, enda sé skaðabótaskylda bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þ.m.t. fasteignum og dýrum) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

70. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta.

70.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar og samanlagt á vátryggingartímabilinu er sú fjárhæð sem tilgreind er á vátryggingar-eða endurnýjunarskírteini.

70.2 Vegna hvers vátryggingaratburðar ber vátryggður eigin áhættu sem nánar er tilgreind á vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

71. Undanþágur og takmarkanir.

71.1 Ábyrgðartryggingin tekur ekki til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna atvika sem tilgreind eru í 2. til 11. mgr. hér á eftir.

71.2 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki vátryggingartaka eða annar sá aðili sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi, börn og annað fjölskyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.

71.3 Tjón á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munum, sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.

71.4 Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

122 Sumarhúsatrygging TM

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

71.5 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Sama gildir um tjón á fasteignum og lausafé í sambandi við slíka mengun. Ábyrgðartryggingin bætir þó tjón af síðast nefndu tagi, ef það verður rakið til eins ákveðins, skyndilegs atburðar.
71.6 Tjón, sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.
71.7 Eignatjón sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.
71.8 Sektir, málskostnaður eða önnur útgjöld í sambandi við refsimál.
71.9 Endurkrafa frá Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.
71.10 Hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.
71.11 Hvers konar tjón, beint eða óbeint af völdum perflúor-, perflúoralkýl- og pólýfluoralkýl- efna eða efnasambanda (PFAS) í hvaða formi sem er.

72. Viðhald húss og byggingaframkvæmdir.

72.1 Vátryggingin nær til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns sem hlýst af minni háttar viðhaldi húss.
72.2 Vátryggingin nær ekki til viðhalds eða byggingaframkvæmda sem nema hærri fjárhæð en 5% af vátryggingarfjárhæð húss.

73. Tímamörk vátryggingarinnar.

73.1 Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hafa sér stað á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón, sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er vátryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.
73.2 Leiki vafi á því, hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni, ber að telja það hafa orðið, er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

74. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

74.1 Ef bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði, sem vátryggingin nær til, á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, enda þótt kostnaður og bætur samanlagt séu hærri en vátryggingarfjárhæðin.

75. Réttur til að greiða til tjónþola og til útborgunar á vátryggingarfjárhæðinni.

75.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Þegar vátryggður er ábyrgur vegna tjóns getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða þá vátryggingarfjárhæð, sem við á, og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

76. Samningar um bætur og bótafjárhæð.

76.1 Vátryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. desember 2025.